

Fundargerð

Árið 2023, föstudaginn 20. október kl. 10:00, kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til rafræns fundar á Teams.

Fundinn sátu: Guðmundur Baldvin Guðmundsson formaður, nefndarmennirnir Ásta Stefánsdóttir, Dan Jens Brynjarsson, Friðjón Einarsson, Hrund Pétursdóttir, Hörður Hilmarsson, og Theódóra S. Þorsteinsdóttir ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Guðna Geir Einarssyni, Árna Sverri Hafsteinssyni, Gústav Aron Gústavssyni, og Sigrúnu Dögg Kvaran, sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

1. Fundargerðir

Fundargerðir frá 1. september, 18. september og 20. september

Fundargerðir frá 1., 18. og 20. september 2023 voru samþykktar án athugasemda.

2. Greiðslu- og rekstraráætlun 2023

Lögð var fram til kynningar endurskoðuð greiðslu- og rekstraráætlun sjóðsins fyrir árið 2023 á grundvelli nýrrar tekjuáætlunar frá því í júní 2023. Samkvæmt nýju áætluninni nema lögbundin framlög úr ríkissjóði í Jöfnunarsjóð tæpum 29.2 ma.kr. Fyrri áætlun gerði ráð fyrir að lögbundin framlög næmu 27.2 ma.kr.

Í ljósi áætlunar um hækkun á lögbundnu framlagi ríkissjóðs og sterkrar eiginfjárstöðu ákvað ráðgjafarnefndin að leggja til við ráðherra að hækka áætlun útjaldajöfnunarframlög sjóðsins úr 14.000 m.kr. í 14.750 m.kr.

3. Landshlutasamtök sveitarfélaga

Sóknaráætlanir- greinargerðir

Samþykkt var á fundi ráðgjafarnefndar þann 9. febrúar sl. framlag til landshlutasamtaka að fjárhæð 47.6 m.kr. til að koma til móts við kostnað landshlutasamtakanna vegna samstarfsverkefna sem samtökin hafa tekið að sér í kjölfar samninga við ríki þar um og varða hagsmuni allra sveitarfélaga á starfssvæði þeirra. Í framhaldi var óskað eftir greinargerð fyrir árið 2023 og kostnaðaráætlun.

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 16. október 2023, um sóknaráætlun landshluta 2023. Jafnframt voru lagðar fram greinargerðir frá öllum landshlutasamtökunum um framkvæmd þeirra verkefna sem unnið er með á árinu 2023 ásamt sundurliðaðri kostnaðaráætlun.

4. Landshlutasamtök sveitarfélaga

Vegna vinnu við gerð nýrra sóknaráætlana 2024

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi frá landshlutasamtökum sveitarfélaga, dags. 10. október 2023 þar sem óskað er eftir framlagi úr Jöfnunarsjóði vegna vinnu við sóknaráætlanir á árinu 2024. Í erindi landshlutasamtakanna kemur fram að framlög Jöfnunarsjóðs hafa fyrst og fremst verið nýtt til að greiða niður kostnað sem aukið samstarf felur í sér, meðal annars vegna funda samráðsvettvanga, en einnig hefur verið heimilt að greiða niður beinan kostnað við vinnu sem af verkefnum hlýst, þar á meðal vegna ráðgjafarþjónustu. Samningar um sóknaráætlanir landshluta voru undirritaðir í nóvember 2019 og gilda út árið 2024. Fram undan er því gerð nýrra samninga milli ríkis og landshlutasamtaka sveitarfélaga og því ljóst að landshlutasamtökin munu leggja í umtalsverða vinnu við mótun nýrra sóknaráætlana á sínum starfssvæðum.

Að umræðum loknum ákvað nefndin að fresta ákvörðun til næsta fundar og boða forsvarsmann landshlutasamtakanna á næsta fund nefndarinnar.

5. Framlög vegna fjárhagserfiðleika

Sveitarfélagið Árborg

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi frá sveitarfélaginu Árborg þar sem óskað var eftir framlagi vegna vinnu við fjárhagslega endurskipulagningu sveitarfélagsins. Samtals er sótt um framlag að fjárhæð 22.8 m.kr. Sveitarfélagið hefur áður fengið framlag úr Jöfnunarsjóði vegna fjárhagserfiðleika.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að samþykka að leggja til við ráðherra að veita sveitarfélaginu framlag að fjárhæð 22.8 m.kr. vegna fjárhagslegrar endurskipulagningar.

6. Fjármál sveitarfélaga

Ársreikningar 2022 og horfur

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 16. október 2023. Ársreikningar 2022 til samanburðar við 2021 sýna að staðan er nokkuð svipuð á milli ára. Helstu lykiltölur svipaðar milli ára og skuldir eru að aukast. Þegar Reykjavíkurborg er dregin frá má sjá að fjárhagsstaða sveitarfélaga er heilt yfir að batna milli ára en staðan getur verið afar misjöfn milli sveitarfélaga. Samkvæmt fjárhagsáætlun sveitarfélaga 2023 er gert ráð fyrir að heildartekjur hækki um 9,5% og heildarútgjöld um 6,6% milli ára.

7. Innri endurskoðun

Rætt var um innri endurskoðun og starfsmaður Jöfnunarsjóðs greindi frá því að til stæði, á næstu vikum, að gera samning við endurskoðunarfyrtæki um innri endurskoðun sjóðsins.

8. Endurskoðun á regluverki Jöfnunarsjóðs

Staða mála

Starfsmaður Jöfnunarsjóðs kynnti fyrir nefndinni hver staða mála er varðandi frumvarp til laga um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Fram kom að frumvarpið væri enn til umræðu hjá þingfloknum stjórnarflokkana.

9. Útgjaldajöfnunarframlög

Skólaakstur í Þingeyjarsveit

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi frá Þingeyjarsveit, dags. 16. október 2023 með fyrirspurn og beiðni um frekari upplýsingar vegna skólaaksturs. Fram kom í bréfinu að kostnaður vegna skólaaksturs vegur þungt í rekstri sveitarfélagsins. Óskaði sveitarfélagið eftir frekara framlagi frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Fram kom í minnisblaði starfsmanns að ástæðan fyrir því að framlag vegna skólaaksturs hefur farið lækkanði er er vegna þess að svokallaður tekjuskerðingarstuðull í útgjaldajöfnunarframlaginu hefur lækkað, og þá sérstaklega við sameiningu Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps. Tekjuskerðingarstuðull er skilgreindur í 2. mgr. 12. gr. b. í tekjustofnalögum. Ekki er hægt að breyta tekjuskerðingarstuðli sveitarfélagsins og erindið fellur ekki undir nein önnur framlög Jöfnunarsjóðs.

Ráðgjafarnefnd getur ekki orðið við beiðninni þar sem að tekjuskerðingarstuðull er bundinn í lög og erindið fellur ekki undir nein önnur framlög Jöfnunarsjóðs. Er starfsmanni Jöfnunarsjóðs falið að svara erindinu.

YFIRFÆRSLA GRUNNSKÓLA

10. Greiðslu- og rekstraráætlun

Staða

Lögð voru fram til kynningar drög að uppfærðri greiðslu- og rekstraráætlun Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2023 vegna verkefna sem tengjast yfirfærslu grunnskóla frá ríki til sveitarfélaga. Farið var yfir innborganir inn í sjóðinn er byggja á staðgreiðslu sveitarfélaga og þróun á gjaldahlið.

YFIRFÆRSLA MÁLAFLOKKS FATLAÐS FÓLKS

11. Breytingar á regluverki

Almenn framlög vegna fatlaðs fólks

Rætt um breytingar á regluverki almennra framlaga vegna fatlaðs fólks en málið hefur verið reglulega á dagskrá nefndarinnar á árinu og var síðast frestað á fundi ráðgjafarnefndar 20. september s.l.

Að umfjöllun lokinni samþykkti nefndin eftirfarandi bókun:

Á árinu 2023 hefur ráðgjafarnefndin haft til umfjöllunar mögulegar breytingar á regluverki almennra framlag vegna þjónustu við fatlað fólk. Nefndin telur að þær tillögur sem lagðar hafa verið fram um breytingar á úthlutunarkerfinu séu til bóta til lengri tíma litið. Á það ber hins vegar að líta að mögulegar breytingar hafa áhrif á útreikninga framlaga til einstakra þjónustusvæða og sveitarfélaga. Í ljósi mikils halla á rekstri í málaflokknum og að enn hafi ekki tekist að leiða til lykta fjármálaleg samskipti ríkis og sveitarfélaga í rekstri málaflokksins leggur nefndin til að breytingarnar taki ekki gildi á árinu 2024.

Jafnframt leggur nefndin til að áfram verði unnið að breytingum á kerfinu og stefnt verði að því að breytingarnar taki gildi á árinu 2025.

12. Almenn framlög vegna fatlaðs fólks

Áætlun framlaga 2024

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að fyrstu áætlun almennra framlaga vegna málefna fatlaðs fólks fyrir árið 2024, ásamt þar að lútandi minnisblaði starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 19. október 2023.

Áætlað framlag vegna málefna fatlaðs fólks á árinu 2024 er 31.000 m.kr., sem er hækkun um 3.600 m.kr. frá fyrra ári. Við það bætast 70 m.kr. vegna leiðréttingar á framlögum ársins 2023.

Að umfjöllun lokinni samþykkti ráðgjafarnefndin tillögu til ráðherra um áætlaða úthlutun framlaga vegna fatlaðs fólks á árinu 2024, að fjárhæð 31.070 m.kr.

13. Viðbótarframlög ársins 2023

Aðferðarfræði

Starfsmaður Jöfnunarsjóðs lagði fram tillögu að ýmsum mögulegum aðferðum við úthlutun viðbótarframlaga vegna málefna fatlaðs fólks fyrir árið 2023.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að fresta ákvarðanatöku til næsta fundar.

14. Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Römpum upp Ísland. Starfsmaður Jöfnunarsjóðs lagði fram minnisblað dags. 19. október 2023. Forsvarsmenn Römpum upp Ísland hafa óskað eftir að verkefnið komi jafnframt að því að rampa upp hjá ríki og sveitarfélögum.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að samþykkja þessa þátttöku með útvíkkun á samkomulaginu.

Umsókn um framlag úr Fasteignasjóði vegna aðgengismála - Reykjavíkurborg.

Tekin var til umfjöllunar og afgreiðslu umsókn Reykjavíkurborgar, dags. 25. ágúst 2023, þar sem óskað er eftir framlagi vegna úrbóta í aðgengismálum við biðstöðvar Strætó á árunum 2021-2022. Kostnaður vegna verksins árið 2021 er 46.972.920 kr. og fyrir árið 2022 89.932.425 kr.

Sótt er um framlag á grundvelli b. liðar 3. greinar í reglugerð nr. 280/2021, um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Í reglugerðinni er gert ráð fyrir að kostnaðarþátttaka Jöfnunarsjóðs nemi helmingi framkvæmdakostnaðar. Sé miðað við það myndi framlag Fasteignasjóðs nema 23.486.460 kr. og 44.966.212 kr. eða samtals 68.452.672 kr.

Í vinnureglum um úthlutun framlaga á grundvelli 3. greinar reglugerðar 280/2021 er miðað við að heildarframlög til Reykjavíkurborgar geti numið 97.089.673 kr. Áður hefur verið veitt 30.832.862 kr. og eftirstöðvar hámarksframlaga eru því 66.256.811 kr.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að samþykkja að veita hámarksframlag að fjárhæð 66.256.811 kr. vegna framkvæmdanna.

Umsókn um framlag úr Fasteignasjóði vegna aðgengismála - Reykjanesbær

Tekin var til umfjöllunar og afgreiðslu umsókn Reykjanesbæjar, dags. 17. september 2023, þar sem óskað er eftir framlagi vegna breytinga í safnahúsi Duus sem staðsett er á Duusgötu 2-8, 230 Reykjanesbæ. Um er að ræða framkvæmdir við uppsetningu á lyftu, styrkingu á gólfum og bættu aðgengi að salernum safnsins. Kostnaður vegna verkefnisins er 10.373.218 kr.

Sótt er um framlag á grundvelli b. liðar 3. greinar í reglugerð nr. 280/2021, um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Í reglugerðinni er gert ráð fyrir að kostnaðarþátttaka Jöfnunarsjóðs nemi helmingi framkvæmdakostnaðar. Sé miðað við það myndi framlag Fasteignasjóðs nema 5.186.609 kr.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að samþykkja að veita framlög að fjárhæð 5.186.609 kr. vegna framkvæmdarinnar.

Umsókn um framlag úr Fasteignasjóði vegna aðgengismála - Snæfellsbær

Tekin var til umfjöllunar og afgreiðslu umsókn Snæfellsbæjar, dags. 27. september 2023, þar sem óskað er eftir framlagi vegna byggingaframkvæmda við nýtt húsnæði „Smíðjunnar“, dagþjónustu- og hæfingarstöðvar fólks með fötlun hjá FSS, að Ólafsbraut 55, 35, Ólafsvík, Snæfellsbæ. Um er að ræða efniskaup og vinnu. Heildarkostnaður verkefnisins var 29.088.959 kr.

Sótt er um framlag á grundvelli b. liðar 3. greinar í reglugerð nr. 280/2021, um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Í reglugerðinni er gert ráð fyrir að kostnaðarþátttaka Jöfnunarsjóðs nemi helmingi framkvæmdakostnaðar. Sé miðað við það myndi framlag Fasteignasjóðs nema 8.923.452 kr.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að samþykkja að veita framlög að fjárhæð 8.923.452 kr. vegna framkvæmdarinnar.

Fasteignasjóður – stofnframlög með HMS 2023.

Starfsmaður Jöfnunarsjóðs lagði fram til umfjöllunar og afgreiðslu minnisblað dags. 17. október 2023. Kynnt voru samþykkt stofnframlög vegna sértækra búsetuúrræða á vegum Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar. Samþykktirnar eru vegna þriggja framkvæmda og nemur hlutur Jöfnunarsjóðs 43.390.023 kr.:

- Félagsbústaðir – Háteigsvegur – 21.699.521 kr.
- Landssamtökin Þroskahjálpi – Úgata – 7.152.533 kr.
- Leigufélagið Brú hses. – Tjarnarskógur – 14.537.969 kr.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að samþykkja hlut Jöfnunarsjóðs að fjárhæð 43.390.023 kr.

15. Næsti fundur

Næsti fundur áætlaður 1. desember.

Önnur mál voru ekki tekin fyrir og fundi slitið kl. 12:41.

Guðmundur Baldvin Guðmundsson

Ásta Stefánsdóttir

Hrund Pétursdóttir

Dan Jens Brynjarsson

Hörður Hilmarsson

Friðjón Einarsson

Theódóra S. Þorsteinsdóttir